

Miðvikudaginn 6. maí 1987.

Nr. 140/1987. **Jón Ingimundur Guðmundsson**

gegn

Áslaugu Borg

Kærumál. Varnarþing. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 6. f.m., er barst Hæstarétti 27. s.m. Hann krefst þess að hinn kærði dómur verði felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til efnislegrar úrlausnar. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi varnaraðila í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sóknaraðili kveðst hafa fengið vitneskju um héraðsdóminn 27. mars sl. og verður miðað við að það sé rétt. Hefur kæran, sem heimil er samkvæmt b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, þannig borist í tæka tíð samkvæmt 1. mgr. 22. gr. sömu laga.

Greinargerð hefur ekki borist frá varnaraðila.

Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdómara að hin sérstaka varnarsregla 78. gr. laga nr. 85/1936 eigi ekki við um mál þetta. Þá verður ekki talið að sóknaraðili hafi sýnt fram á að skilyrði hafi verið til þess að höfða mætti málið fyrir bæjarþingi Kópavogs samkvæmt heimildinni í 80. gr. sömu laga, en því hefur verið haldið fram af hálfu sóknaraðila fyrir Hæstarétti. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða dóm.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur er staðfestur.

Dómur bæjarþings Kópavogs 9. mars 1987.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar eða dóms í dag, er höfðað fyrir bæjarþingi Kópavogs með þingfestingu málsins, hinn 16. október 1986, en stefnan var birt lögmanni stefndu hinn sama dag, af Jóni Ingimundi Guðmundssyni, nnr.: 5135-6608, Furugrund 70, Kópavogi, á hendur Áslaugu Borg, nnr.: 0709-2598, Dalsgerði 5F, Akureyri.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

1. Að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda í skaðabætur kr. 26.100,00 með 3,75% mánaðarvöxtum frá 9. desember 1985 til 1. mars 1986, með 2,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, en með 2,25% mánaðarvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en síðan með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er gerð sú krafa, að áfallnir vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti og myndi þannig nýjan höfuðstól er beri sömu vexti og að framan greinir.

2. Að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda í matskostnað kr. 32.833,00 með 2,75% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 9. desember 1985 til 1. mars 1986, með 2,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, en með 2,25% mánaðarvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en síðan með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er gerð sú krafa, að áfallnir vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti og myndi þannig nýjan höfuðstól er beri sömu vexti og að framan greinir.

3. Að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað að mati réttarins.

II.

Í stefnu er málsatvikum lýst svo að með kaupsamningi, dags. 29. febrúar 1984, hafi stefnandi keypt af stefndu íbúð að Furugrund 70, 7. hæð B, Kópavogi.

Í ljós hafi komið, að eignin hafi verið haldin leyndum göllum, er stefndi keypti hana, sem hafi verið eftirfarandi:

1. Leki með gleri í svalahurð, lausu fagi og fyrir ofan svalahurð.
2. Mikill leki niður með vegg fyrir ofan svalaglugga.
3. Leki með gleri í suðurglugga við svalahurð.
4. Leka- og vatnsskemmdir hafi komið fram á stofuvegg, gólflistum og parketti.
5. Galli hafi verið á lökkun parketts, sem hulið var teppum.

Þegar stefnandi keypti íbúðina var hún nýmáluð og voru því leka- og vatnsskemmdir algjörlega huldar. Á gólfum hafi verið teppi yfir parkettið að stórum hluta. Við kaupun hafi stefnanda verið sagt, að parkettið væri ársgamalt, en þegar teppin höfðu verið fjarlægð, hafi komið í ljós, að lakkið á parkettinu hafi verið stórgallað.

Afsal hafi verið gefið út 4. janúar 1985 og undirritaði stefnandi það með fyrirvara vegna galla þeirra, sem að framan greinir. Stefnda var með bréfi, dags. 11. júní 1985 krafín úrbóta vegna galla þessara eða að semja um

bætur. Þessu hafi stefnda hafnað með bréfi, dags. 24. júní 1985. Hafi matsmenn verið dómkvaddir 14. ágúst 1985.

Niðurstaða matsmanna í matsgjörð, dags. 9. desember 1985 var sú, að kostnaður við úrbætur næmi samtals kr. 26.100,00. Matsmenn tóku jafnframt fram, að gallar þeir, sem hér um ræðir, væru ekki nýtilkomnir.

Með bréfi, dags. 14. janúar 1986, til lögmanns stefndu, var stefnda krafin um greiðslu bóta í samræmi við matsgjörðina. Skriflegt svar hafi ekki borist, en hins vegar hafi lögmaður stefndu munnlega hafnað bótaskyldu.

Í greinargerð stefndu kom fram krafa um frávísun málsins.

III.

Fór fram munnlegur málflutningur um frávísunarkröfuna í dag.

Af hálfu stefndu eru þær kröfur gerðar í þessum þætti málsins að málinu verði vísað frá dómi og stefnandi dæmdur til að greiða stefndu málskostnað að mati dómarans.

Af hálfu stefnanda eru þær dómkröfur gerðar í þessum þætti málsins að frávísunarkröfu stefndu verði hrundið og stefnda dæmd til að greiða stefnanda málskostnað í þessum þætti málsins að mati dómarans.

Frávísunarkrafa stefndu er á því byggð að mál þetta hafi verið höfðað fyrir röngu bæjarþingi. Heimilisvarnarþing stefndu sé á Akureyri og ekkert ákvæði sé í samningi aðila um varnarþing í Kópavogi. Mál þetta sé höfðað til greiðslu skaðabóta vegna meintra vanefnda stefndu á kaupsamningi sem aðilar málsins gerðu vegna sölu fasteignar stefndu að Furugrund 70 í Kópavogi. Skaðabótamál vegna fasteignaviðskipta verði eigi höfðað á fasteignavarnarþingi skv. 1. mgr. 78. gr. eml. nr. 85, 1936.

Krafa stefnanda um að frávísunarkröfu stefndu verði hrundið er byggð á því að mál það, sem hér sé til úrlausnar, sé bótamál sem risið sé út af samningi vegna kaupa á íbúð. Deilt sé um innihald samningsins og sé því heimilt skv. 1. mgr. 78. gr. eml. nr. 85, 1936 að höfða málið á varnarþingi fasteignarinnar. Málsefnið snúist um fasteign og sé nauðsynlegt að skoða fasteignina við meðferð málsins. Varnarþing stefndu sé á Akureyri og leiði það til óeðlilegrar niðurstöðu ef ekki verði unnt að reka málið á varnarþingi fasteignarinnar.

Málsefni það, sem hér er til umfjöllunar, varðar skaðabætur vegna meintra vanefnda stefnda á kaupsamningi, dagsettum 29. febrúar 1984, þar sem því er haldið fram af hálfu stefnanda, að fasteignin hafi verið haldin leyndum göllum við kaupin. Ekki þykir efni málsins vera þess eðlis að það falli undir ákvæði 1. mgr. 78. gr. laga nr. 85, 1936, þótt rétt kunni að vera, að dómurinn skoði húseign þá, sem um er fjallað. Ekki hafa aðilar málsins samið um meðferð málsins fyrir dómi á fasteignavarnarþingi fasteignarinnar sem þeir hafa heimild til samkvæmt 1. mgr. 81. gr. laga nr. 85, 1936.

Verður samkvæmt þessu að vísa málinu frá dómi.

Eftir þessum úrslitum verður stefnanda gert að greiða stefndu málskostnað, sem ákveðst kr. 8.000,00.

Ólöf Pétursdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Stefnandi, Jón Ingimundur Guðmundsson, greiði stefndu, Áslaugu Borg, kr. 8.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. maí 1987.

Nr. 144/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Herði Ólafssyni

Kærumál. Bráðabirgðasvipting ökuleyfis.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Hinn kærði úrskurður var birtur varnaraðila 22. f.m. og undirritaði varnaraðili yfirlýsingu um birtinguna „með kröfu um áfrýjun þegar í stað“ og þykir mega skilja yfirlýsingu þessa svo að hann kæri úrskurðinn. Kæra er heimil samkvæmt lokaákvæði 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Í greinargerð til Hæstaréttar krefst varnaraðili þess að úrskurðurinn verði ómerktur. Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Mál þetta er ófyrirsynju kært til Hæstaréttar.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.